

Miðja




Vikudagarnir á Drekaeyju

Björg Vigfúsína Kjartansdóttir



Það var einu sinni drekastelpa,
sem átti heima á skrýttinni eyju.
Eyjan var eins og dreki í laginu.
Eyjan hét Drekaey.



Drekastelpan var svo spennt.

Hún var að byrja að æfa

flugsund í drekalauginni.

Sundfélagið sem hún ætlar að

æfa hjá heitir Eldtungur.

Sundæfingarnar

voru tvisvar í viku.

Á mánudögum og fimmtudögum.



Drekastelpan var alltaf að
spyrja mömmu sína hvenær
sundæfingarnar myndu byrja.

Einn dag sagði hún:

„Mamma er ekki alveg að koma
fimmtudagur“?

Drekastelpan kunni
ekki dagana.

Hún hafði ekkert þurft að vita
hvaða dagur var.
Allir dagar voru eins hjá henni.



En nú var sko breyting á.
Hana langaði svo að vita hvað
dagarnir hétu svo hún myndi
vita hvenær hún ætti að
fara á sundæfingu.



Mamma drekastelpunnar
settist niður með henni og sagði
henni að ein vika væri sjö dagar.

Hún sagði henni líka að
fyrsti dagur vikunnar
hédi sunnudagur.

Mamma drekastelpunnar ákvað
að búa til bók um vikudagana
handa henni til að skýra þetta
vel út fyrir henni.

Svona er bókin.

Sunnudagur




Sunna merkir sól.

Sunnudagur.

Sunnudagur er fyrsti
dagurinn í vikunni.

Mánudagur



Máni og dagur.

Mánudagur.

Mánudagur er annar
dagurinn í vikunni.

Þriðjudagur



Þriðji er sama og þrír.
Þriðji dagurinn í vikunni
er þriðjudagur.

Miðvikudagur



Miðja

Miðvikudagur er í

miðri vikunni.

Miðvikudagur er fjórði

dagur vinnunnar.

Fimmtudagur



Fimm og dagur.

Fimmtudagur er
númer fimm í vikunni.

Föstudagur



Fasta og dagur.

Í gamla daga fastaði fólk.

Það þýðir að fólk borðaði

ekki kjöt á föstudögum.

Föstudagur er sjötti

vikudagurinn.

Laugardagur



Laugar og dagar.

Laugar voru notaðar til að þvo í.

Þvottalaugar.

Einu sinni var alltaf

þveginn þvotturinn á

laugardögum.

Laugardagur er sjöundi

dagur vikunnar.

Þula um vikuna.



Sunnudagur til sigurs,
mánudagur til mæðu,
þriðjudagur til þrautar,
miðvikudagur til moldar,
fimmtudagur til frama,
föstudagur til fjár,
laugardagur til lukku.

Kerlingin



Mánudaginn, þriðjudaginn
kerling sat og spann.

Miðvikudaginn, fimmtudaginn
bar hún verkið fram.

Föstudaginn, laugardaginn
hvíldi hún lúin bein,
og sjálfan sunnudaginn

tók hún út sín laun.

Þá var hún hýdd við
stóran stein.

**Það eru sjö dagar
í einni viku.**

1. sunnudagur.
2. mánudagur.
3. þriðjudagur.
4. miðvikudagur.
5. fimmtudagur.
6. föstudagur.
7. laugardagur.

Ein vika er
sjö dagar.



Svona var nú bókin um vikuna.

Eftir að drekastelpan
var búin að lesa vikubókina
nokkrum sinnum
varð hún mjög glöð.



Nú man hún hvað allir dagarnir
heita og að hún fer á
sundæfingu
á öðrum degi vikunnar.
Annar dagur vikunnar heitir
mánudagur.



Drekastelpan veit að hún fer
líka á æfingu á fimmta degi
vikunnar.

Fimmti dagur vikunnar
heitir fimmtudagur.



Sástu að mamma hennar kenndi
henni líka tvær þulur um vikuna.

Drekastelpunni finnst þessar
þulur vera mjög skemmtilegar.

Getur þú lært
þulurnar um vikuna?